



7. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2025 - 2026
haldinn fimmtudaginn 8. janúar 2026, kl. 11:45.
haldinn í Borgartúni 27, 2. hæð

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Andri M. Kristjánsson.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson boðaði forföll.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, 4. desember 2025
2. Fundartími stjórnar Fh.
3. Samráðsnefndarfundur Fh og HÍ, 4. desember sl.
4. Fundur vegna Heru, 7. janúar 2026.
5. Fundur með Fjármálaráðuneyti vegna greiningarsjóðs, 11. des. 2025
6. Fréttir af BHM, jöfnun launa og niðurstöður um viðhorf til kjaraviðræðna 2024/2025.
7. Sameiningarnefnd Fh, FPR og FHA.
8. Áherslumál stjórnar Fh, starfsárið 2025-2026, sbr. vinnufund stjórnar 13. október.

1. Fundargerð, 4. desember 2025

Fundargerðin var samþykkt.

2. Fundartími stjórnar Fh

Tillaga um breytingu á mánaðarlegum fundartíma stjórnar, fundartími er í hádegi fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Ákveðið að framvegis verði fundur stjórnar félagsins í hádegi fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði.

3. Samráðsnefndarfundur í desember 2025

Baldvin sagði frá fundinum:

- Málefni rannsóknalektora og rannsóknadósenta vegna rannsóknaleyfis og verklag, enn í vinnslu.
- Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar 2026 og staða Háskóla Íslands. Fulltrúar HÍ sögðu frá hagræðingarkröfu ríkisvaldsins sem þýðir að Háskólinn þarf að brúa 230 milljónir, er ekki fengust á fjárlögum. Skólinn hefur unnið með fræðasviðum hans til að mæta niðurskurðinum og reynt er að rýna í öll horn, til hagræðingar. Af þessum 230 milljónum var gert ráð fyrir 170 milljónum í innleiðingu HERU.
-
- Rætt var um launamun nema í Félagi háskólakennara annars vegar og nema innan Sameykis, hins vegar. Þau mál eru enn til skoðunar.

- Rætt var um innleiðingu á starfsmatskerfi HERU og munu fulltrúar HÍ boða fulltrúa félagsins á fund fljótlega til að fara yfir stöðuna.
 - Öðrum málum er sett höfðu verið á dagskrá var frestað.
- Í kjölfar kynningar formanns voru rædd áhrif niðurskurðar fjármála Háskólans á kennslu og kennslumál, m.a. mögulegar afleiðingar þess að leggja niður kröfu um ritun BS-ritgerðir nemenda.

Tillaga kom upp um að félagið haldi málþing um málefnið í samvinnu við FPR og FHA. Ákveðið var að Baldvin kanni hug FPR til þátttöku og um skipulagningu þingsins.

4. Fundur vegna HERU í janúar 2026

Baldvin sagði frá fundinum þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins og upprifjun á því. Niðurstaðan var að félagið rýni betur þau gögn og forsendur sem liggja fyrir og mun taka þátt í námskeiði um innleiðingu HERU. Þá mun HÍ vera í samvinnu við aðila ytra sem eiga kerfið til að meta nýjar forsendur og áhrif nýrra launataflna á kostnaðinn. Ákveðið að halda annan fund að tveimur vikum liðnum.

5. Fundur með fjármálaráðuneytinu vegna Greiningarsjóð háskólafélaganna

Baldvin sagði frá fundinum þar sem tilgangurinn var fyrst og fremst sá að kynna sjóðinn, markmið hans og óska eftir samvinnu ráðuneytisins við gagnaöflun. Fundurinn var mjög góður og fulltrúar fmr. sýndu verkefninu mikinn áhuga

6. Fréttir af BHM

- Fundur með fjármálaráðuneytinu vegna Greiningarsjóðs hafði þau áhrif að SNR hafði samband við formann BHM vegna áfangasamkomulags II, um jöfnunar launa á milli markaða. Sú vinna er farin af stað.
- Baldvin sagði frá könnun um viðhorf aðildarféлага BHM til kjaraviðræðna í síðustu lotu.
- Kjaranefnd BHM mund kalla til sameiginlegs fundar fulltrúa aðildarféлага til undirbúnings næstu samningslotu. Félagið hefur þegar tilkynnt þrjá fulltrúa á fundinn, Baldvin, Ármann og Helgu Birnu.
- Umbótahópur BHM hefur m.a. verið að skoða hvaða kröfur BHM getur gert til stéttarféлага sem sækja um aðild að bandalaginu.
- Stjórn BHM hefur unnið að fjárhagsáætlun bandalagsins 2026.

Spurt var um bókun 10 í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra er fjallar um samráð háskólaféлага við endurskoðun reiknilíkans. Ákveðið var að Baldvin kanni hvort vinna sé í gangi í þessum efnum hjá ráðuneyti og háskólum.

7. Sameiningarnefnd Fh, FPR og FHA

Könnun um fyrirkomulag stéttarfélagsmála mun verða send út í janúar. Enn á eftir að þýða könnunina á ensku. Málið er á borði formanns FHA.

8. Áherslumál stjórnar Fh, starfsársins 2025-2026

Á vinnufundi stjórnar í október 2025 voru eftirtalin málefni sett í forgang.

- Sameiningarmál félaganna.
- Greiningarsjóður háskólafélaganna.
- Kjarabarátta.

Önnur mál:

- Rætt um bílastæðamál og erfiðleika við að fella niður kröfu bílastæðasektar og almennt um þjónustu þess aðila er samið hefur verið við um gjaldtöku. Ákveðið var að Baldvin muni vekja athygi á málinu við mannauðssvið HÍ.
- Rætt almennt um tíðni fyrninga orlofsdaga skv. kjarasamningi.

Fundi lauk kl. 13:30 Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 3. febrúar 2026.